# Tilbeiðsla og fórnir

IV. kafli í *Norrænni goðafræði* o.fl.

# Tilbeiðsla



- Skurðgoðadýrkun
  - Styttur af goðunum í hofum
- Goðunum færðar fórnir
  - Uppskera, s.s. korn eða fórnardýr
  - Blót a.m.k. þrisvar á ári
    - Til að blíðka goðin svo að árið verði gott
      - að veturnóttum, miðjan vetur (jólablót), sumarmál
    - Auk þess blótað við sérstakar aðstæður s.s. áður en lagt var í langferð
  - Mannfórnir þegar mikið lá við
    - Fáar íslenskar heimildir styðja þetta samt
      - *Eyrbyggja saga* og *Kristni saga*
    - Erlendar heimildir

# Lýsing á blóti á Hlöðum í Heimskringlu




- Bændur koma saman þar sem hof er
  - Hafa með sér veisluföng
  - Allir skulu eiga öl
- Sauðfé og hross drepin
  - Blóði safnað í hlautbolla
    - roðið á hofið utan sem innan og á goðalíkneski inni
    - stökkt á menn
  - búfénaður matreiddur og etinn
- Drukkið Óðins full til sigurs og ríkis konungs, full Njarðar og Freys til árs og friðar

# Lýsingar á blótshaldi á Íslandi



- Lýsingin í Heimskringlu rímar við lýsingar í:
    - Landnámu
    - Íslendingasögum
- Álfar voru líka blótaðir með því að rjóða blóði á álfhólinn
    - Ekki mátti gleyma að rjóða blóði á þá menn sem stóðu að helgihaldinu
- Tilgangur: Endurnýja lífskraft goðanna með blóðinu
    - og veita mönnum hlutdeild í honum.
- Bæði öl og kjöt var fórn til guðanna
    - Veisluhöldin áttu að færa menn nær æðri verum



# Blót tengd ýmsum réttarvenjum

- Hólmganga
  - Haslaður völlur á víðavangi
    - Oft á hólma í ám eða vötnum
  - Blótnauti fórnað
    - Tjösnublót
  - Sáttarfórn við goðin
    - Koma í veg fyrir eftirmál



# Blót tengd ýmsum réttarvenjum frh.



- Eiðtökur
  - Í hofum
  - Silfurhringur
    - Roðinn nautsblóði
    - Eiðstafur:

„Hjálpi mér svá Freyr ok Njörðr, ok hinn almáttgi áss“

    - Eiðar voru unnir við fleira en goðin t.d. sól, fjöll eða vötn.
    - Goðinn hafði hringinn, roðinn blóði, á hendi sér til lögþinga

# Mannblót

- Oftast fólk af lægri stéttum sem varð fyrir valinu
  - Konungablót þekkjast þó líka, a.m.k. í Svíþjóð
    - Dómaldi og Ólafur trételgja
    - Konungi fórnað ef honum tókst ekki að halda friði og árgæsku
    - Konungar líka stundum tilbeðnir með blótum eftir dauða
- Mannblót að nokkru leyti með öðrum hætti en önnur
  - Meðferð blóðs svipuð
  - Líkin hengd upp í tré og gefin fuglunum
  - Stundum steypt í vatn eða keldur (blótskeldur)



# Mannblót - Tollundmanden







# Mannblót - Ellingkvinden









# Mannblót - Gråbøllemanden







# Goðar



- Blótshald oftast í höndum sérstakra embættismanna
  - Goðar
    - a.m.k. hérlendis
      - Veraldlegir og trúarlegir höfðingjar
      - 39 goðorð, eitt höfuðhof í hverju þeirra
        - Auk nokkurra einkahofa
    - Konungar stjórnuðu líklega höfuðblótum á Norðurlöndunum
      - s.s. í Uppsölum og Hleiðru
- Öllum var þó heimilt að blóta
  - og reisa hof og hörga

# Erlendar heimildir: Adam frá Brimum

- Meginhof Svía í Uppsölum
  - Hofið allt skreytt gulli
- Þrjú skurðgoð á bekk
  - Þór fyrir miðju og Óðinn (Wodan) og Freyr (Fricco) honum til beggja handa
- Öll goð hafa sína presta er færa þeim fórnir almúgans
  - Drepsótt eða hungur: Þór
  - Styrjöld: Óðinn
  - Brúðkaup: Freyr

# Adam frá Brimum frh.

- Níunda hvert ár sameiginleg blóthátíð
    - Enginn getur skorast undan
    - Allir þurfa að senda gjafir, líka konungurinn
- Af öllum karldýrum er 9 fórnað
    - Blóðið notað til að mýkja goðin
    - Skrokkarnir hengdir í sérstakan blótlund
        - Dýr og menn
        - Ónefndur kristinn heimildarmaður: 72 skrokkar
    - Þessu fylgir ófagur (!) söngur sem best er að þegja um (!)

# Erlendar heimildir: Tacitus - dýrkun Nerþusar

- Germania ca 98 e. Kr.
- Helgur lundur í eyju nokkurri
  - Helgaður Nerþusi
  - Gyðjan sækir lundinn heim reglulega
    - Hofgoðinn skynjar komu hennar
  - Ferðast í vagni dregnum af tveimur kvígum
    - Í fylgd hofgoðans
    - Gleðidagar, friður ríkir
  - Þrælar lauga vagn og gyðju í leyndu stöðuvatni að ferð lokinni
    - Þrælum síðan drekkt
- Rímar við frásögn um Frey og hofgyðju hans í Ólafs sögu Tryggvasonar
  - Í Flateyjarbók

# Freysdýrkun í Ólafs sögu Tryggvasonar

- Gunnar helmingur er grunaður um mannvíg
- Hann leitar skjóls í hofi Freys
  - Hofgyðja skýtur skjólshúsi yfir hann þótt Frey líki illa við hann
- Freyr og hofgyðjan ferðast í vagni til að færa mönnum betra árferði
  - Gunnar leiðir vagninn
  - Gunnar sest upp í vagninn þegar hann þreytist
  - Freyr reiðist og þeir slást, flýr andi Freys úr líkneskinu
  - Gunnar útbýr sig sem Frey og þau hofgyðjan lifa í vellystingum
    - Afþakkar fórnir sem deyddar eru, vill frekar klæðnað, gull og gersemar
  - Gunnar barnar hofgyðjuna
  - Ólafur Tryggvason áttar sig á málum og kallar Gunnar til sín